

Reykjavík 8. ágúst 2020

Efni: Notkun hlífðargríma í starfsemi velferðarsviða sveitarfélaganna

Frá og með 31. júlí er 2 metra reglan orðin skylda á ný, við aðstæður þar sem 2 metra fjarlægð verður ekki viðkomið á að nota hlífðargrímu sem hylur munn og nef. Hlífðargríma kemur ekki í stað 2 metra reglu og aldrei í stað almennra sýkingarvarna sem eru handþvottur, notkun á handspritti, almennt hreinlæti og aukin þrif á snertiflötum.

Hlutverk hlífðargrímu er að grípa dropa sem koma úr öndunarvegi notanda, svo þeir dreifist ekki um umhverfið. Þetta gerir það að verkum að notuð hlífðargríma er mjög menguð af örverum, sem eru alla jafna í munnvatni. Því þarf að gæta ítrasta hreinlætis við notkun grímunnar, snerta hana sem minnst og skipta um grímu þegar hún er orðin rök eða skemmd á einhvern hátt. Alltaf þarf að þvo eða spritta hendur eftir snertingu við notaðar hlífðargrímur. Leiðbeiningar um notkun á hlífðargrímum eru að finna [hér](#).

Almennt er ekki skylda að nota grímur en í þeim tilfellum þar sem starfsfólk getur ekki tryggt 2 metra fjarlægð í störfum sínum á það að hafa aðgang að andlitsgrímum. Þetta á sérstaklega við í umönnunarstörfum, s.s. á velferðarsviði.

Það er ábyrgð forstöðumanna og stjórnenda að upplýsa starfsfólk, leiðbeina og kenna notkun hlífðargríma sem og fara yfir þær leiðbeiningar sem til eru varðandi notkun hlífðarbúnaðar.

- Almenna reglan er að viðhafa 2 metra nándarmörk og er það besta sóttvarnarleiðin með góðum handþvotti og sprittun, bæði handa og snertiflata í rými sem margir nýta.
- Ef ekki er hægt að halda 2 metra fjarlægð og það er verið að aðstoða fatlaðan einstakling í mikilli nánd í meira en 15 mínútur í lokuðu rými, þarf að nota hlífðargrímu sem starfsstaður hefur, bæði notandi og starfsmaður. Ef viðkomandi skjólstæðingar eru í áhættuhópi fyrir alvarlega sýkingu ætti að nota þéttar grímur (FFP2). Skjólstæðingarnir ættu að nota þynnri gerðina (skurðstofugrímu).
- Ef fatlaður einstaklingur er í áhættuhópi fyrir alvarlegri sýkingu og er í þjónustu ykkar getur þurft að nota hlífðargrímu í meira mæli.

Leiðbeiningar um notkun hlífðargríma eru að finna [hér](#).